# KENNSLUAÐFERÐIR SEM EFLA NEMENDUR – AUÐVELT AÐ NÝTA, SKEMMTILEGT AÐ KENNA!

Þessar aðferðir byggja á því að gera nám virkt, fjölbreytt og áhrifaríkt.
Þetta eru einfaldar og skapandi leiðir til að virkja hugsun, samvinnu, umræðu og þátttöku nemenda.
Aðferðirnar eru flokkaðar í fjóra yfirflokka:

## 🤝 SAMVINNA

Nemendur vinna saman, leysa verkefni og hvetja hvern annan áfram.
Samvinna styrkir félagsfærni, ábyrgð og nám í gegnum samspil.

## 🧠 HUGSUN

Nemendur ígrunda, tengja og vinna með hugtök á dýpri hátt.
Þeir læra að beita þekkingu og þróa með sér dýpri skilning.

## 🚶‍♀️ VIRKNI

Nemendur hreyfa sig, prófa sig áfram og taka þátt með líkama og huga.
Virkni heldur athygli, skapar fjölbreytileika og gleði í námi.

## 💬 UMRÆÐUR

Nemendur tjá sig, hlusta og læra hvert af öðru.
Með umræðum læra nemendur að tjá sig, hlusta á aðra og átta sig á ólíkum hugmyndum og viðhorfum.

**📌 AÐFERÐUNUM MÁ BLANDA SAMAN, AÐLAGA OG NÝTA Í ÖLLUM NÁMSGREINUM OG Á ÖLLUM ALDRI.
KENNSLAN VERÐUR BÆÐI ÁHRIFARÍKARI OG ÁNÆGJULEGRI – FYRIR NEMENDUR OG KENNARA!**

# EFLUM NEMENDUR

## SAMVINNA

Með samvinnu í kennslu fá nemendur tækifæri til að læra hvert af öðru, efla samskipti og byggja upp jákvæðan bekkjaranda.

Samvinna eykur virkni og dýpkar skilning á viðfangsefninu.

## HUGSUN

Þegar kennarar efla hugsun nemenda eykst skilningur, áhugi og virk þátttaka.

Nemendur tengja betur við efnið, læra að greina, túlka og beita þekkingu í nýju samhengi – sem styrkir bæði minni og sjálfstæða hugsun.

## VIRKNI

Virkni nemenda í kennslu ýtir undir athygli, þátttöku og dýpri skilning.

Þegar nemendur fá að hreyfa sig, prófa og taka þátt með fjölbreyttum hætti verður námið bæði líflegra og áhrifaríkara.

## UMRÆÐUR

Umræður hjálpa nemendum að tjá sig, hlusta á aðra, virða skoðanir annarra og móta sínar eigin skoðanir.

Þær ýta undir gagnrýna hugsun, virka þátttöku og gera námsefnið lifandi.

# EFLUM NEMENDUR

## ÁSKORANIR

Nemendur fá áskorun sem þeir þurfa að **leysa saman.**

Sameiginlegar áskoranir hvetja til samskipta, skapandi hugsunar og liðsheildar.

## TILRAUNIR

Nemendur framkvæma tilraunir í litlum hópum og deila ábyrgð á framkvæmd, skráningu og úrvinnslu.

## SAMVINNA

**Með samvinnu í kennslu fá nemendur tækifæri til að læra hver af öðrum, efla samskipti og byggja upp jákvæðan bekkjaranda.**

**Samvinna eykur virkni, ábyrgð og dýpkar skilning á viðfangsefninu.**

## RATLEIKIR

Nemendur vinna saman í hópum til að leysa þrautir eða finna upplýsingar.

Ratleikir krefjast samvinnu, samskipta og skýrrar hlutverkaskiptingar.

## KEPPNIR

Hópar keppa saman.

Keppnir ýta undir liðsheild, hvatningu og jákvæð félagsleg samskipti.

# EFLUM NEMENDUR

## LAUSNALEIT

Nemendur skoða raunveruleg vandamál og leita lausna.

Lausnaleit ýtir undir gagnrýna hugsun, tengir nám við veruleikann og vekur forvitni.

## HUGTAKA-KORT

Nemendur raða saman lykilhugtökum og tengingum þeirra.

Hugtakakort hjálpa til við að skipuleggja hugsun og dýpka skilning á tengslum.

## HUGSUN

**Þegar kennarar efla hugsun nemenda eykst skilningur þeirra, áhugi og virk þátttaka.**

**Nemendur tengja betur við efnið, læra að greina, túlka og beita þekkingu í nýju samhengi – sem styrkir bæði minni og sjálfstæða hugsun.**

## SPURNINGAR

Vel útfærðar spurningar kveikja á hugsun, hvetja nemendur til að velta hlutum fyrir sér og setja fram eigin sjónarmið eða lausnir.

## HAGNÝTAR ÆFINGAR

Nemendur leysa verkefni þar sem þeir þurfa að nota þekkingu sína á viðfangsefninu.

Þeir æfa að yfirfæra, tengja og beita því sem þeir hafa lært.

fjolbreyttkennsla.is

# EFLUM NEMENDUR

## SKOÐA

Nemendur skoða verkefni eða veggspjöld og skoða hugmyndir og svör annarra.
Þeir sjá önnur sjónarhorn og eiga auðveldara með að tengjast efni í gegnum virkni og samtal.

## STÖÐVA-VINNA

Nemendur prófa sig áfram með mismunandi viðfangsefni eða æfingar á nokkrum stöðvum.

Þeir fá að prófa mismunandi aðferðir og takast á við námsefnið á fjölbreyttan hátt.

## VIRKNI

**Virkni nemenda í kennslu ýtir undir athygli, þátttöku og dýpri skilning.**

**Þegar nemendur fá að hreyfa sig, prófa og taka þátt með fjölbreyttum hætti verður námið bæði líflegra og áhrifaríkara.**

## ESCAPE-ROOM

Nemendur þurfa að leysa þrautir eða finna vísbendingar tengdar kennsluefni til að komast „út“ eða leysa verkefni – mjög virkjandi og skemmtilegt!

## HLUTVERKA-LEIKUR

Nemendur taka að sér hlutverk og leika þau í tengslum við námsefni, t.d. í sögulegum atburðum eða samfélagslegum aðstæðum. Þetta hvetur til líkamlegrar þátttöku, ímyndunar og persónulegrar tengingar við efnið.

# EFLUM NEMENDUR

## HUGSA-SPJALLA-DEILA

Nemendur hugsa sjálfstætt, ræða í pörum og deila svo í hóp.

Aðferðin tryggir að allir fá rými til að hugsa og taka þátt á sínum forsendum.

## UMRÆÐUR

**Umræður hjálpa nemendum að tjá sig, hlusta á aðra, virða skoðanir annarra og móta sínar eigin skoðanir.**

**Þær ýta undir gagnrýna hugsun, virka þátttöku og gera námsefnið lifandi.**

## RÖKRÆÐUR

Nemendur setja fram rök, hlusta á mótrök og svara.
Það þjálfar gagnrýna hugsun og virka hlustun.

Rökræður efla orðaforða, sjálfstraust og hæfni til að meta mismunandi sjónarmið.

## SÉR-FRÆÐINGAR

Nemendur læra ákveðið efni vel og kenna öðrum nemendum.
Það styrkir sjálfstraust, ábyrgð og tjáningu.

Þegar nemendur kenna öðrum dýpkar það eigið nám og eykur virkni í bekknum.

## UMRÆÐUR

Nemendur ræða námsefnið sín á milli. Það dýpkar skilning og gefur rými fyrir ólík sjónarhorn.

Umræður gera námið lifandi og skapa tækifæri til að tengja efnið við reynslu nemenda.